

LÖG

um breytingu á lögum nr. 19/2002,
um pósthjónustu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Íslenska ríkið hefur frá 1. janúar 2003 til 1. janúar 2006 einkarétt á pósthjónustu vegna póstsendinga bréfa allt að 100 g að þyngd svo framarlega sem burðargjaldið fyrir bréfið er minna en þrisvar sinnum lægsta burðargjald sem gildir fyrir venjuleg bréf innan lands. Hið sama gildir um dreifingu innan lands á bréfum frá útlöndum innan sömu takmarkana.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr. laganna:

a. Ný málsgrein, 5. mgr., bætist við, svohljóðandi:

Rekstrarleyfishafa er heimilt að setja sérstaka gjaldskrá fyrir þá sem afhenda mikið magn póstsendinga í einu eða fyrirtæki sem safna saman póstsendingum mismunandi viðskiptavina og afhenda rekstrarleyfishafa. Slík sérgjaldskrá skal taka mið af kostnaði sem ekki hefur þurft að leggja út í við venjulega pósthjónustu.

b. Við 5. mgr., sem verður 6. mgr., bætist nýr málslíður, 2. málsl., svohljóðandi: Óheimilt er að nota tekjur af hjónustu í einkarétti til að greiða niður hjónustugjöld í alþjónustu sem ekki fellur undir einkarétt nema ef sýnt hefur verið fram á að slíkt sé beinlínis nauðsynlegt til að verða við sérstökum alþjónustukvöðum sem hvíla á rekstrarleyfishafa.

3. gr.

Á undan 37. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi:

Meðferð kvartana.

Rekstrarleyfishafar skulu semja reglur um meðferð kvartana frá notendum.

Póst- og fjarskiptastofnun skal sjá til þess að reglur skv. 1. mgr. gefi kost á skjótri og sanngjarnri lausn deilumála með endurgreiðslum og/eða skaðabótum þegar þær eiga rétt á sér.

4. gr.

Í stað orðanna „39.–41. gr.“ í 42. gr. laganna, er verður 43. gr., kemur: 40.–42. gr.

5. gr.

Fyrirsögn XIV. kafla laganna verður: **Meðferð kvartana og skaðabætur.**

6. gr.

Í stað orðanna „46. gr.“ í 1. mgr. 47. gr. laganna, er verður 48. gr., kemur: 47. gr.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2003.

Frá 1. janúar 2006 skulu þyngdarmörk 7. gr. laganna breytast úr 100 g í 50 g og verðmörk úr þrisvar sinnum lægsta burðargjald í 2,5 sinnum lægsta burðargjald.

Gjört á Bessastöðum, 18. desember 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Sturla Böðvarsson.

LÖG

**um breytingu á lögum nr. 33 5. maí 2000,
um veiðieftirlitsgjald, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðsins „fullvinnsluskipa“ í 1. másl. 3. mgr. 4. gr. laganna kemur: skipa sem hafa leyfi Fiskistofu til að vinna afla um borð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 19. desember 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Árni M. Mathiesen.